

92
31. maí

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt ályktun bæjarstjórnar Reykjavíkur hefur eftirfarandi verið ákveðið:
Einstefnuakstur um:

1. Thorvaldsensstræti og Vallarstræti með aksturstefnu frá Kirkjustræti að Pósthússtræti, en akstur úr Pósthússtræti bannaður.
2. Háaleitisveg frá norðri til suðurs milli Suðurlandsbrautar og Ármúla.

Bann við bifreiðastöðum í Templarastræti austan megin frá Vonarstræti að Kirkjustræti.

Bann við akstri úr Lækjargötu norðan Bankastrætis til hægri inn í Austurstræti með undanþágu fyrir Strætisvagna Reykjavíkur.

Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 31. maí 1957.

Sigurjón Sigurðsson.

93
15. júní

AUGLÝSING

um gjald samkvæmt heimild í samþykkt frá 28. maí 1957 um breyting á samþykkt nr. 104 24. ágúst 1944, um lokunartíma sölubúða og sölustaða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 1. gr. samþykktar frá 28. maí 1957, um breyting á samþykkt nr. 104 24. ágúst 1944, um lokunartíma sölubúða og sölustaða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Reykjavík, með breytingum 12. febr. 1947 og 13. nóv. 1948, hefur bæjarstjórn Reykjavíkur ákveðið, að gjald fyrir hvert leyfi, sem veitt kann að verða, samkvæmt a- og b-liðum greinarinnar, skuli vera kr. 20000.00 árlega og greiðast ársfjórðungslega fyrirfram.

Ofanrituð gjaldskrá staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febr. 1936, um lokunartíma sölubúða og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 15. júní 1957.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.